

Brjóstamjólk og brjóstvit í forsjárdeilum (grein í Degi 30. júlí 1996)

Vandi er að leysa úr forsjárdeilu, þar sem bitbeinið er kornabarn. En þó eru slíkar deilur stundum auðveldari úrlausnar, en þegar ráða skal um forsjá eldri barna. Því veldur, að þroski barnsins er skammt á veg kominn og aðlögunarhæfi þess meiri. Ég skal færa fyrir þessu nokkur bein og óbein rök.

Reifabörn eru gáfuð. Þau koma vísindum sífellt á óvart. Ungbarnasálfræðin og skyldar greinar bæta árleg við þekkingu okkar. Í tímas rás hafa margar skoðanir á ungabörnum verið viðraðar meðal lærðra og leikra. Einu sinni var því til að mynda haldið fram, að sál barnsins væri eins og óskrifað blað og í sálu þess mætti rita nánast, hvað sem væri. Í dag vitum við, að svo er ekki. Ungabarnið er vakandi og virkt og félagslegt í eðli sínu og tilbúið að læra frá fyrstu stundu. Meira að segja í móðurkviði bregst fóstrið við ákveðnum ytri áreitum. Vísindin hafa fært okkur heim sanninn um, að þroski kornabarna kemur stig af stigi á öllum sviðum. Allt bendir til, að í þroska þeirra megi greina ákveðin næmistig. Á ákveðnum tímabilum er hin unga mannvera sérdeilis móttækileg fyrir ákveðin áreiti eða áhrif í umhverfinu. Trúlega sjást næmisskeiði einna skýrast við máltökuna, þ.e.a.s. á því stigi þroskunarinnar, þegar barnið tileinkar sér helstu reglur um málnotkun og beitingu málsins. Tileinkun málsins hefst við fæðingu. Um fjögurra ára aldur hafa flesti börn náð undirstöðutökum á reglum málsins, beygingum, hrynjandi og hljóði. Það er einnig ástæða til að ætla, að áþekk næmisskeið gildi um aðra mikilvæga þætti þroskans eins og t.d. tengslamyndun og tilfinningaþroska. Barnið tengist þeim eðlilega mest, sem að því hlúa og hlyna. Það er ekki fyrir en á öðrum helmingi fyrsta árs, að börn eru fær um að sundurgreina aðhlynnendur sína í sjón. En sjónin skýrist og eflist smám saman og andlit færast í brennidepil í venjulegir nálægð við umönnun. Þegar hér er komið sögu sjást vísbendingar um, hvort barnið hefur lært að treysta. Traustið er í sjálfu sér ekki bundið tiltekinni og aðgreindri persónu á þessu fyrsta skeiði ævinnar, heldur tegund aðhlynningar og atlætis. Heilbrigð börn á þessum aldri brosa við veröldinni og eru virkir þátttakendur í samskiptum. Þau leitast við að tileinka sér allt innan seilingar við að smakka, hlusta, þreifa og virða fyrir sér. Þau eru örugg í fasi og full trúnaðartrausts. Börn, sem ekki hafa notið nógsamlegrar aðhlynningar, verða sinnulítið, draga sig til hlés og sýna umhverfinu takmarkaðan áhuga. Þá er hætt við óbætanlegu sálartjóni, skerti hæfni til myndunar tengsla, djúpri depurð og miðtaugakerfistruflunum. Hins vegar eiga börn, sem hafa lært að treysta, auðvelt með að tengjast nánnum böndum, jafnvel þó að aðrir aðhlynnendur komi til sögunnar. Þessi tímamót á þroskaferli barnsins eru raunar óskastund fósturs og varanlegra breytinga í lífi hins unga barns, þar eð upp er hafið nýtt næmisskeið. Það er ekki vitað með vissu, hvenær því lýkur, en líklegt er talið, að um 18 mánaða aldur sé barnið að renna það skeið á enda. Hafi undirstöðutengsl við einn eða fleiri aðhlynnendur þá ekki tekið á sig mynd, er barninu stefnt í sálarháská. Tengsl, sem stofnað, þ.e.a.s. að loknu umræddu næmisskeiði, geta traudla orðið jafn djúp og fullnægjandi og annars hefði orðið. Á þessu skeiði þroskast með barninu hin eiginlega merking hugtakanna, faðir og móðir.

Brjóstagjöf ber tíðum á góma í umræðum foreldra um forsjá ungbarna. Það er viðkvæmt atriði. Á undanförunum árum hefur verið rekinn mikill áróður fyrir brjóstagjöf. Sumar mæður (og raunar starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu einnig ) hafa túlkað áróðurinn á þann veg, að brjóstagjöf sé nauðsynlega andlegum vexti og viðgangi barnsins. Það er rangt. Hins

vegar er brjóstgjöf æskileg frá næringarsjónarmiði. Mjólkurmóðir er engan veginn hin brjóstgóða móðir í sjálfu sér. Brjóstamjólkuráróður í ofangreindum skilningi veldur sumum mæðrum (og feðrum) miklu hugarangri. Þeim hefur skilist, að brjóstgjöf hafi úrslitafýðingu um, hvort barnið tengist þeim eðlilegum böndum eða ekki. Brjóstgóðir feður og brjóstgóðar mæður þurfa ekki að hafa mjólk í brjóstunum. Hins vegar á hin góða móðir einstakt tækifæri til gjöfullar nálægðar við barn sitt á brjósti. Feður og mæður, sem ríkar eru að brjóstviti, leggja gjarnan barn sitt að brjósti til að sýna því alúð og ást sína. Kornabörn hænast ekki aða brjóstmjólk. Þau hænast að góðu brjósti föður og móður.

Stundum heyrir sá röksemd, að barn á brjósti móður sé sönnun góðra tengsla þeirra í millum. Það er mikill misskilningur. Sömuleiðis er því einnig haldið fram, að beint samband sé á milli fjölda samverustunda og dýptar tengsla við ungabörn. Það er einnig í mörgum tilvikum misskilningur. Samband ungabarns við foreldri sitt skýtur eiginlegum rótum frá u.þ.b. 6 mánaða aldri til 18 mánaða aldurs eins og áður er vikið að. (Skiljanlega þurfa samvistir að vera nægilegar til að barnið nái að festa andlit og fas foreldris í minni.) Það er eðli samvistanna, en ekki stundafjöldi, sem ræður því, hvort tengsl við barnið verða góð eða slæm.

Það er mikilvægt ungabarni að eiga bæði góðan föður og væna móður, þegar til manngerðarþroska er litið. Því ber öllu, sem að forsjárdeilum um ungabörn koma, siðferðilega og lagaleg skylda til að leggjast á eina ára og róa að hagsmundum barnsins í þessu tilliti. Náist ekki samkomulag foreldra umforsjá og umgengni, er hollt að hafa í huga, að uppeldishæfni foreldri grundvallast ekki á kynferði, heldur þeim manni, sem foreldrið hefur að geyma.